Vestra - Stokkseyrarsel

Stokkseyrarsel var upphaflega sel frá Stokkseyri og eftir heimildum að dæma selstaða upptekin á þessum stað um 1520, og um aldamótin 1600 eða ~~litla~~ nokkru fyrr ~~er~~ þar ordin föst búseta, að því er virðist tvískipt býli frá byrjun og þá um leið hjáleigur frá Stokkseyri (Dr. G. J. Bólstaðir, bls. 342-343.)

Af hjáleigum að vera, eru þetta hátt metnar jarðir, 8.14 hundruð 1861, hvor um sig, enda í aðstöðu sem engin af hinum hjáleigunum í torfunni bjuggu við, engjar út frá túni og rúma haga útfrá bæ. Þetta er nordvesturhorn hreppsins, með landamerki að vestan á móti Hraunstorfu og til norðurs Sandvíkur hreppur. Samt verða menn, eftir ábúendatali að dæma, ekki rótfastir á þessum stað, og 1835-1914 er vesturselið tvíbýlisjörð, svo um hefur þrengst.

Sýzlovegur var kominn heim í hlað og síðasti ábúandinn, Sigurjón Júlíusson og Magnúsína Grímsdóttir, 1949-1966 byggir þar íbúðarhús úr vikurholsteini eftir 1960, 84 m², 300 m³, en þá eru öll hús önnur ónýt, vonlaust um sínna eða rafmagn og fór jörðin í eyði.

Reykvískir hestamenn náðu kaupum á jörðinni ~~og er þetta nú eyðibýli~~ frá Jarðakaupasjóði ríkisins.

- Vestra - Stokkseyrarsel - framh.

Ábúendur:

1882-1914 Bjarni Markússon og Sigríður Stefánsdóttir

1913-1935 Stefán Bjarnason og Steinunn Jónsdóttir

1935-1936 Þórarinn Eudmundsson Eudrún Magnúsdóttir

1936-1941 Björn Markússon og Sigríður Þórðardóttir

1941-1943 Ólafur Eíslason og Endbjörg Pálsdóttir

1943-1947 Endbjörg Pálsdóttir - ekkj eftib Ól. Eísl.

1947-1948 Aud

1948-1949 Andrés Hallmundsson og Eudrún A. Elísd. - yfir Sumarið

1949-1966 Sigurjón Júlíusson og Magnússina Grímsdóttir

Í tvíbýli 1835-1914 eru skráðir 14 ábúendur.

síðastir:

1899-1902 Eudmundus Halldórsson og Þórdís Nikulásdóttir

~~1902-1903 og Eudjón~~

1902-1903 Endjón Bjarnason og ~~Helga~~ Rannveig Halldórsdóttir

1903-1913 ~~eftir~~ Endjón Einarsson og Helga Halldórsdóttir

Fm. 1977: Jörð 120 þús. hús 3.290 þús.

Fm. 1861: 8.14 hundr.